


# Fjallabyggð



Fjallabyggð

Gránugötu 24  
580 Siglufirði

Fjallabyggð, 19. september 2017  
nr. erindis 1708035/RS

**Efni: Minnisblað til bæjarráðs vegna ráðningar í starf  
forstöðumanns Bóka- og héraðsskjalasafns  
Fjallabyggðar.**

Alls sóttu fjórir einstaklingar um stöðu forstöðumanns Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar. Enginn umsækjandi hafði menntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræða.

Tekin voru viðtöl við alla umsækjendur þann 14. september 2017.

Að loknum viðtölum var ljóst að einn umsækjandi var hæfastur bæði hvað varðaði menntun og reynslu en hann einn hafði háskólamenntun sem nýttist í starfi ásamt menntun og reynslu á sviði stjórnsýslu. Enginn umsækjandi hafði reynslu af starfi forstöðumanns Bóka- og héraðsskjalasafns. Þar sem sá umsækjandi sem hæfastur er hefur dregið umsókn sína til baka leggja undirritaðir til að starf forstöðumanns Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar verði auglýst aftur.

Fjallabyggð 19. september 2017

  
Gunnar Ingi Birgisson

  
Rikey Sigurðardóttir  
frístunda- og menningarmála